Skólaráðsfundur 24. janúar 2017

1. Tillaga að skóladagatali grunnskóla Gbr og Álftanesskóla 2017-2018
    - Skólastjóri kynnir tillöguna og segir frá því að skólanefnd Gbr fari fram á samræmt skóladagatal í grunnskólum bæjarins.
    - Einnig að samræma starfsdaga milli leikskóla og grunnskóla í Gbr.
    - Skipulagsdögum að hausti var fækkað og jólafrí lengt um einn dag.
    - Skipulagsdögum dreift yfir vikudaga til að kennsla sé ekki að falla oft niður á sömu dögum.
    - Skipulagsdagur í sept. að beiðni leikskólans.
    - Umræður um vetrarleyfi í öskudagsviku. Hefur áhrif á fjáröflun 10.bekkja.
    - Fulltrúi kennara kom með ábendingu frá öðrum kennurum um að starfsdagur í byrjun jan. hafi nýst vel. Skólastjóri skoðar þetta í framhaldi og ræðir á kennarafundi.
    - Fulltrúi kennara ræddi um gula daga, unglistadagar lenda í sömu viku og árshátíðarvika. Skólastjóri segir að hægt sé að skoða betur. Ath með gula daga. Lesið í Nesið hægt að hnika til um daga.
    - Fulltrúar foreldra gera athugasemd við eftirfarandi atriði í tillögu að skóladagatali grunnskóla Gbr 2017-2018: Vetrarleyfi í vikunni 12.-16.feb, vetrarleyfið kemur upp á öskudagsviku og benda fulltrúar foreldra á að þetta hafi mikil áhrif á fjáröflun nem. í 10.bekk. Einnig hefur þetta áhrif á vetrarfrí þeirra (nem/for) sem standa að skipulagningu öskudags.
2. Viðbygging við Álftanesskóla
    - Búið að gera samning við Glámu-Kím um hönnun á viðbyggingu við Álftanesskóla. Viðbyggingin verður rúmlega 1700 fermetrar.
    - Skólastjóri óskar eftir 2-3 fulltrúum foreldra í rýnihóp og 2-3 úr nemendahóp.
    - Núverandi bygging er um 4000 fermetrar. Viðbyggingu eru ekki ætlað að leysa af hólmi lausar kennslustofur á skólalóð. Viðbygging á m.a. að hýsa fundarherbergi, sérkennslurými, skápa fyrir nem, sal/matsal fyrir 250 manns, skrifstofurými, stærra bókasafn, kaffistofu starfsfólks, rými fyrir frístund.
    - Umræður um stækkun skólans, athugasemdir við að ekki sé bætt við kennslustofur.
    - Fulltrúi fyrir hönd foreldra valinn í rýnihóp. Skólastjóri og fulltrúar nemenda í skólaráði taka val á nem. fyrir í félagsmálavali í rýnihópinn.
3. Önnur mál
    - Skólastjóri afhendir niðurstöður úr könnun Skólamats. Niðurstöður voru jákvæðar og nýttust fyrirtækinu til að þróa og bæta skólamatinn.
    - Fulltrúum nem. finnst matartíminn í styttra lagi, langar að hafa tækifæri til samveru eftir matinn.
    - Skólamatur sér einnig um veitingar í kaffitímum og er almenn ánægja með það.
    - Fulltrúi foreldra spurði út í framkvæmd á viðbyggingunni.

Fundi slitið kl. 9:25